



Mýrdalshreppur

Siðareglur kjörinna fulltrúa Mýrdalshrepps

I. KAFLI

Tilgangur

1. gr.

Markmið þessara reglna er að skilgreina háttsemi og viðmót sem kjörnum fulltrúum ber að sýna við störf sín á vegum Mýrdalshrepps. Með kjörnum fulltrúum er átt við sveitarstjórnarmenn og alla aðra sem kjörnir eru til setu í nefndum og ráðum hjá Mýrdalshreppi eða á vegum sveitarfélagsins.

II. KAFLI

Staða og ábyrgð

2. gr.

Kjörnir fulltrúar skulu einungis láta ákvarðanir sínar ráðast af lögum, reglum sveitarstjórnar og sannfæringu sinni í störfum sínum fyrir Mýrdalshrepp. Þeim ber að gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna.

3. gr.

Í störfum sínum skulu kjörnir fulltrúar koma fram af drengskap og háttvísi og sýna hver öðrum, íbúum, viðskiptavinum, samstarfsaðilum og starfsmönnum fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu. Kjörnir fulltrúar skulu gæta þess að framkoma þeirra og athafnir samrýmist starfi þeirra og þeir forðist að aðhafast nokkuð sem gæti orðið þeim eða sveitarfélaginu til vanvirðu og álitshnekkis.

4. gr.

Kjörnir fulltrúar hafa ávallt að leiðarljósi grundvallarreglur góðar stjórnsýslu, m.a. um gagnsæja og upplýsta ákvarðanatöku og að lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för við stjórn Mýrdalshrepps. Kjörnir fulltrúar skulu upplýsa eins og kostur er íbúa Mýrdalshrepps um störf sín og annað sem skiptir máli í rekstri sveitarfélagsins. Þá skulu þeir ávallt reiðubúnir að axla ábyrgð á verkum sínum.

5. gr.

Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórn sem tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé sveitarfélagsins.

6. gr.

Kjörnir fulltrúar gæta þagmælsku og trúnaðar varðandi málefni íbúa og viðskiptavina sem þeir verða áskynja í starfi og trúnaður gildir um svo lengi sem sá trúnaður samrýmist lögum. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

III. KAFLI

Hagsmunaárekstrar

7. gr.

Kjörnum fulltrúum ber að setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum. Þeir taka ekki þátt í undirbúningi og afgreiðslu mála sem varða sérhagsmuni þeirra sjálfra, venslamanna, skjólstaðinga eða annarra sem tengjast þeim þannig að ætla megi að afstaða þeirra mótist að einhverju leyti af þeim tengslum. Einnig skulu þeir gæta þess að nýta sér ekki óopinberar upplýsingar til eigin hagsbóta.

8. gr.

Kjörnir fulltrúar þiggja ekki gjafir, fríðindi eða annan viðurgjörning frá íbúum og viðskiptavinum Mýrdalshrepps eða þeim er leita eftir verkefnum eða þjónustu sveitarfélagsins, þannig að túlka megi sem persónulega þóknun fyrir ákvarðanir á vegum sveitarstjórnar eða nefnda.

9. gr.

Kjörnir fulltrúar gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi Mýrdalshrepps.